

Fundargerð hreppsnefndar 17. september 2015

Fundur nr. 27 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 17. september 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Bárður Jónasson, Víglundur Páll Einarsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Oddviti leitaði afbrigða skv. 16. gr. sveitarstjórnarlaga og óskaði eftir að a. liður 3. máls dagskrár verði ræddur fyrir luktum dyrum sem d. liður.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. 21. fundar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 21. ágúst 2015

Bar sveitarstjóri upp eftirfarandi tillögu að bókun:

„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum sem innflutningsbann Rússa hefur á atvinnulífið á Vopnafirði. Samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar mun bannið hafa „mikil áhrif“ á Þórshöfn, Raufarhöfn, Vopnafjörð, Neskaupstað, Eskifjörð, Fáskrúðafjörð, Höfn, Vestmannaeyjar, Snæfellsbæ og Garð.

Samkvæmt skýrslunni má reikna með að tekjutap sjómanna og landverkafólks vegna innflutningsbannsins geti verið á bilinu 990 (1.300 - 310) milljónir til 2.550 (2.900 - 350) milljónir á heilu ári. Tekjutap sjómanna er áætlað 440 til 1.000 milljónir en álitíð er að 400 sjómenn verði fyrir tekjutapi.

Tekjutap landverkafólks við frystingu er talið geta verið á bilinu frá 860 til 1.870 milljóna en talið er að 780 manns verði fyrir tekjutapi. Samtals verða því 1.180 sjómenn og landverkamenn fyrir tekjutapi á bilinu 1.300 til 2.900 milljónir.

Tekjutap sveitarsjóða vegna lægri útsvarstekna er áætlað á bilinu 143 til 364 milljónir og tekjutap vegna lægri aflagjalda er áætlað allt að 43 milljónum.

Fá sveitafélög eru jafn háð vinnslu uppsjávarfisks og Vopnafjörður og því er ljóst að bann sem þetta mun hafa veruleg neikvæð áhrif á afkomu þorra fólks í sveitarfélaginu, fyrirtæki á staðnum og samfélagið í heild sinni. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps beinir þeim tilmælun til stjórnvalda að teknar verði upp viðræður við sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hið fyrsta um atvinnumál með það að markmiði að mæta þeim mikla vanda sem innflutningsbann Rússa hefur á samfélagið”.

Tillagan síðan samhljóða samþykkt.

b. 376. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 24. ágúst 2015

Lagt fram til kynningar.

c. 124. fundar HAUST dags. 2. september 2015

Lagt fram til kynningar.

d. 40. fundar stjórnar Brunavarna á Austurlandi dags. 4. september 2015

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu en fyrir fundi lá m.a. fjárhagsáætlun næsta árs. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að sækja um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

b. Bjarney Guðrúnu Jónsdóttur

Sveitarstjórn samþykkir að endurskoða opnunartíma sundlaugar með tilliti til þess að sem flestir íbúar sveitarfélagsins geti nýtt sér laugina.

Sveitarstjóra falið að leggja fyrir sveitarstjórn tillögur að breyttum opnunartíma sem unnar verða í samráði við íþróttá- og tómstundanefnd fyrir fyrsta fund í október.

Samhljóða samþykkt.

c. Velferðarráðuneytinu

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að svara bréfi ráðuneytisins er varðar málefni flóttamanna með jákvæðum hætti.

d. Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum

Samhljóða samþykkt að Stefán Grímur Rafnsson og Víglundur Páll Einarsson sitji fundinn f.h. Vopnafjarðarhrepps.

e. Fjárlaganefnd Alþingis

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu en fulltrúar sveitarfélagsins eiga fund með fjárlaganefnd þann 09. október nk.

3. Almenn mál:

a. Bréf til Vegagerðarinnar frá Landbúnaðarnefnd Vopnafjarðarhrepps

Lagt fram til kynningar.

b. Bréf til Vegagerðarinnar frá Svani Arthúrssyni á Öxl

Lagt fram til kynningar.

c. Þjónustusamningur milli Austurbrúar ses og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Lagt fram til kynningar.

d. Sala Vopnafjarðarhrepps á heitu vatni til Veiðifélags Selár

Fram fór lokuð umræða um málið og samþykkt að vinna það áfram.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:40.

[Fylgigögn fundar 170915.pdf](#)